

UPPLÝSINGAR UM STUÐNINGSMÖGULEIKA
Hollvinafélag Hallgrímskirkju í Saurbæ styður
komu þessa hóps til Íslands.

Stuðningsframlag er hægt að leggja inn á reikning félagsins og verður það millifært til mannúðarsamtakanna Mission10forty. Einnig er tekið við peningaframlögum.

Bankaupplýsingar: Hollvinafélag Hallgrímskirkju í Saurbæ
Kennitala: 490124-0120
Banki: 0552 - 26 - 490124

Ef þú vilt gerast stuðningsaðili verkefnisins í Armeníu

VINSAMLEGAST SKRÁÐU EFTIRFARANDI
UPPLÝSINGAR OG AFHENTU FULLTRÚA
MISSION10FORTY. EINNIG MÁ SENDA PÓST
GEGNUM NETFANG OKKAR EÐA HEIMASÍÐU.

Nafn:.....

Heimilisfang:.....

Netfang:.....

☐ Ég óska eftir að verða stuðningsaðili barns

☐ Ég óska eftir að styðja með mánaðarlegri upphæð kr.



mission
10forty.org

Mission10forty
Fuglsangvej 11, DK-4720 Præstø, Denmark
Tlf: +45 30700249 | CVR 42647489 |

Bank: Faster Oikos Andelskasse: Reg. 5958. Konto
0001103963

Mail: Info@mission10forty.org | www.mission10forty.org |
www.facebook.com/mission10forty/

STYRKTARTÓNLEIKAR

TIL STUÐNINGS FYRIR KRISTNA FLÓTTAMENN FRÁ
NAGORNO KARABAKH

Miðvikudagur 12. nóvember 2025 kl. 19.30
Hallgrímskirkja í Saurbæ, Hvalfjarðarsveit

Fimmtudagur 13. nóvember 2025 kl. 19.30
Dómkirkjan í Reykjavík

**Birgir Þórarinnsson - Irina Hayrapetyan - Artak
Beglaryan - Kim Hartzner**

Aðgangur er ókeypis.

**Safnað verður framlögum og hvatt til að styðja
hjálparstarf Mission10forty fyrir hina kristnu
flóttamenn frá Nagorno Karabakh.**



Irina Hayrapetyan:

Irina Hayrapetyan er fædd og uppalin í Armeníu. Hún nam píanóleik við tónlistarskólann í Yerevan og við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Aðeins 14 ára gömul vann hún Chopin píanókeppni fyrir unga einleikara. Irina er starfandi píanóleikari við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn.

Dagskrá:

Ávarp: **Birgir Þórarinnsson**, fv. alþingismaður

Artak Beglaryan, fv. forsætisráðherra Nagorno-Karabakh flytur erindi um flóttu og aðstæður þjóðarbrotsins nú, í flóttamannabúðum í Armeníu

Irina Hayrapetyan leikur píanótónlist:

- Johann Sebastian Bach: "Slá þú hjartans hörpustrengi" úr kantötu nr.147
- Ludwig van Beethoven: Tunglskinssónatan 1. þáttur
- Sergej Rakhmaninov: Prelude
- Arno Babajanian: Elegy

Kim Hartzner og **Peter Vincent Hartzner** kynna mannúðarstarf Mission10forty til stuðnings flóttamönnunum frá Nagorno Karabakh.

Hlé

Irina Hayrapetyan leikur píanótónlist:

- Frédéric Chopin: Valse
- Komitas: "Garuna" – Vár
- Aram Khachaturian: Toccata

Lokaorð: Kim Hartzner og Artak Beglaryan

MISSION10FORTY

Hin flókna og erfiða staða armenskra flóttamanna þýðir að þau hafa mikla þörf fyrir aðstoð. Mission10forty hjálpar fjölskyldum að afla sér tekna með landbúnaði, meðal annars með því að gefa þeim sauðfé og hænur.

Einnig hjálpar Mission10forty hundruðum barna sem eiga við alvarleg sálræn vandamál að stríða vegna sprengjuárása, stríðs og flóttu.

Veturinn er á næsta leiti og í Armeníu fer hitinn iðulega niður í mínus 30–40 gráður yfir veturinn.

Og brátt koma jólin, einnig í Armeníu.

Kveikið lítið ljós í myrkum aðstæðum.

Hjálpíð kristnum Armenum til betra lífs og gefið þeim von um framtíðina.

Við stöndum með Artak Beglaryan í baráttunni fyrir því að fá hjálp til flóttafólksins í Armeníu.



Í stríðinu árið 2020 heimsótti alþingismaðurinn **Birgir Þórarinnsson** forsætisráðherrann í Nagorno Karabakh, Artak Beglaryan. Síðan þá hefur Birgir Þórarinnsson unnið ötullega að því að styðja þá armensku íbúa frá Nagorno Karabakh sem nú hafa verið hraktir á flóttu.

Artak Beglaryan er fyrrverandi forsætisráðherra í Nagorno Karabakh. Hann særðist sex ára gamall af sprengjubrotum og hefur síðan verið blindur. Í september 2023 varð hann að flýja frá Aserbaídsjan ásamt 120.000 landsmönnum sínum eftir harðar sprengjuárásir.

Nú býr hann sem flóttamaður í Armeníu og er verndari mannúðarsamtakanna Mission10forty.



Kim Hartzner, danskur læknir og stofnandi Mission10forty:

"Í september 2023 varð ég skelfingu lostinn er okkar vestræni heimur leit undan aðgerðarlaus þegar 120 þúsund kristnir Armenar voru reknir út af heimilum sínum í Nagorno Karabakh þar sem þeir hafa búið í 1700 ár og hraktir úr landi yfir til Armeníu. Mig langar að gera allt sem hægt er til að forða því að sagan endurtaki sig og Armenar verði ekki aftur fórnarlömb þjóðarmorðs eins og gerðist hjá þeim árið 1915. Árið 1992 hóf ég hjálparstarf í Armeníu og í dag hafa yfir 100.000 manns fengið aðstoð til betra lífs."